



Reglur um samskipti trúfélaga og skóla í Fjarðabyggð

1. Í samskiptum trúfélaga og skóla skal leggja áherslu á mikilvægi vandaðrar trúarbragðafræðslu í fjölmenningsarsamfélagi. Þættir í slíkri fræðslu geta verið vettvangsheimsóknir til trúfélaga og að fulltrúum þeirra sé boðið í kennslustund til að fræða um trú sína og trúfélag.

Mikilvægt er að fræðsla þessi og heimsóknir sé gerð á vegum skólans og í þeim tilgangi að fræða nemendur um tiltekin trúarbrögð, inntak þeirra, helgidóma og siði en feli ekki í sér innrætingu tiltekinna trúarskoðana eða tilbeiðslu.

Vettvangsheimsóknir til trúfélaga og heimsóknir fulltrúa þeirra í skóla skulu taka mið af ofangreindu og vera innan ramma aðalnámskrár leik-, grunn- og tónlistarskóla.

2. Heimsóknir í kirkjur í tengslum við stórhátíðir kristninnar telst hluti af fræðslu um trúarhátíðir og menningarlega arfleifð þjóðarinnar.

Gæta þarf þess að foreldrar og skólaráð séu upplýstir tímanlega um námstilhögun, námsefni og vettvangsferðir. Sama gildir um leik- og tónlistarskóla þar sem það á við.

3. Eftir fremsta megni skal forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.

Um almenna kynningu eða auglýsingar á starfsemi trúfélaga í skólum skulu gilda sömu reglur og um kynningu annarra félagasamtaka.

Reglur þessar grundvallast á þeim meginviðmiðum sem fram komu í tillögu starfshóps Mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem skipaður var hinn 4. október 2012. Starfshópurinn hafði það hlutverk að leggja fram tillögur um með hvaða hætti skuli staðið að samskiptum skóla og trúfélaga á öllum skólastigum. Starfshópurinn var skipaður hagsmunaaðilum sem tilnefndir voru af Biskupsstofu, Heimili og skóla, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siðmennt auk fulltrúa ráðuneytisins.

Fjarðabyggð 31. ágúst 2018

Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri

Samþykkt í fræðslunefnd 15. ágúst 2018
Samþykkt í bæjarráði 20. ágúst 2018
Samþykkt í bæjarstjórn 30. ágúst 2018